

Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2017

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Verða vinnudeilur í vetur?



Í febrúar nk. hafa aðildarsamtök Alþýðusambandsins möguleika á að virkja forsenduákvæði gildandi kjarasamninga og segja þeim upp. Forsendubrestur samninga felst aðallega í úrskurðum kjararáðs og gerðardóms í launadeilum við ríkið en þar hafa orðið launahækkningar sem eru langt umfram það sem fólst í hinu svokallaða Salek samkomulagi og þá þeim hækkunum sem almennt launafólk hefur fengið.

Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, formaður AFLs, segir að hún reikni með að kalla saman trúnaðarráð félagsins snemma í janúar til að fá leiðbeiningar og ráðgjöf. „Uppsögn kjarasamninga sem byggir á forsenduákvæði er fyrst og fremst á valdi samninganefndar Alþýðusambandsins þar sem sitja formenn landssambanda og stærstu félaga en almenna reglan hefur verið sú að áður en samninganefnd tekur afstöðu er boðað til formannafundar

Alþýðusambandsfélaga og þar er tekin afstaða til mögulegrar uppsagnar. Samninganefndin hefur síðan farið eftir afstöðu formannafundarins,“ sagði Hjördís.

„Við búum um margt við aðeins annan veruleika nú en oft áður þegar við höfum þurft að taka afstöðu til uppsagnarákvæða. Uppsagnarákvæði er virkt í febrúar en næsta launahækkun er í maí – þannig að það er smá svigrúm til að ná samningum en hingað til hefur uppsagnarákvæðið verið virkt bara dögum fyrir umsamda launahækkun – sem þá hefðu ekki komið til framkvæmda.

Einnig eru fjölmörg félög t.d. innan BHM með lausa samninga nú og hafa ekki náð viðræðum við ríkisvaldið, fyrst á meðan kosningabaráttu stóð og nú á meðan stjórnarmyndunarviðræður hafa staðið yfir. Það er því alveg óskrifað blað hvað kemur út úr þeim

viðræðum – en það er ljóst að við innan ASÍ munum ekki láta það líðast að það sé samið við alla aðra hópa um hærri hækkningar en okkur bjóðast og sitja aðgerðalaus hjá, sagði Hjördís.

Hjördís segir að nýrri ríkisstjórn bjóðist nú tækifæri til að halda frið á vinnumarkaði með því að taka á ákvörðunum kjararáðs og taka þá til baka verulegar hækkningar til þingmanna sjálfra og með því að grípa til nauðsynlegra ráðstafana m.a. í húsnæðismálum, barnabótum og húsnæðisbótum. „Ef ný ríkisstjórn vill hafa frið á vinnumarkaði og ef stjórnarmálamein meina eitthvað af því sem sagt var í kosningabaráttunni þá er friðurinn auðsóttur. En ef það er ófriður sem menn vilja – þá er hann í boði líka,“ segir Hjördís að lokum.



Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, formaður AFLs.

Jól og áramót í orlofsíbúðum



Úthlutað var í orlofsíbúðir AFLs um jól og áramót á úthlutunarfundi er haldinn var 7. nóvember á Vopnafirði. Tveir starfsmenn félagsins voru við úthlutun og tveir almennir félagsmenn sem sáu um að draga milli umsókna. Farið var eftir verklagsreglum félagsins við úthlutunina og voru þeir í forgangi sem ekki hafa fengið úthlutað undanfarin 2 ár.

Dregið var á milli umsækjenda þegar fleiri en ein umsókn var um íbúð. Að fyrstu umferð lokinni var úthlutað í íbúðir skv. varaumsókn og loks var raðað á biðlista eftir útkomu úr útdrættinum. Strax eftir úthlutun bárust nokkrar afbókanir þeirra sem höfðu fengið úthlutað og var þeim íbúðum úthlutað eftir röð á biðlista.

Búið er að fara yfir alla sem sóttu um og hafa langflestir fengið kost á íbúð. Það er fullbókað í íbúðirnar í Reykjavík og aðeins tveir á biðlista. Á Akureyri er áramótunum úthlutað að fullu en þrjár íbúðir eru lausar um jól. Fjórir aðilar eru á biðlista á Akureyri v. áramótanna.

Ef íbúðir verða lausar yfir hátíðarnar vegna forfalla verða leigutímabil eftir sem áður í heilum vikum, þ.e. frá 21. – 28. desember og frá 28. desember til 4. janúar.

Stundum ótrúlegur sóðaskapur í orlofsíbúðunum

„Mjög fáir einstaklingar en valda miklum leiðindum og tjóni“

Athygli hefur vakið að þeir sem leigja orlofsíbúðir hjá AFLi Starfsgreinafélagi fá orðið 3–4 sms skeyti og tölvupósta áður en leiga hefst og á meðan henni stendur. Sumum finnast póstarnir frekar harðorðir. Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs, segir að þessir póstar hafi skilað einhverjum árangri en ekki nægum.

„Það er gríðarleg þörf fyrir þessar íbúðir okkar og mér sýnist að flestir sem nota þær séu að sækja einhvers konar þjónustu til Reykjavíkur eða Akureyrar, þjónustu sem ekki er boðið upp hér eystra. Við höfum fjölgað íbúðum í Reykjavík úr 11 í 21 á stuttum tíma og einnig fjölgað á Akureyri en nýtingin helst samt langt yfir 90%.

Við glíum við nokkur vandamál samfara þessum vexti. Þetta er orðið svo umfangsmikið að það kallar eiginlega á húsvörð í fullu starfi en leiguverð leyfir það ekki. Þess vegna

skiptir svo miklu máli að fólk virði húsreglur og sýni tillitssemi sem flestir gera.

Vandamálin sem helst eru að hrjá okkur er umgengni um ruslageymslu og svo bílastæðin. Þetta eru langalgengustu kvartanir fólks – þ.e. að ruslageymslan sé óþrifaleg og að einhver hafi lagt í bílastæði viðkomandi.“

Bílum lagt í merkt stæði

Í húsinu er bílakjallari með merktu stæði fyrir hverja íbúð og fyrir framan húsið eru þrjú stæði merkt fyrir fatlaða og þjónustuaðila hússins.

„Við erum í stanslausri baráttu með að verja þessi stæði. Bæði eru íbúðirnar talsvert nýttar af félagsmönnum okkar sem eiga rétt á að leggja þarna og eins koma 2–3 þjónustubílar að húsinu daglega og þurfa að athafna sig. Það er því ekki óalgengt að við þurfum að hringja á



Sverrir Mar Albertsson Framkvæmdastjóri AFLs.

dráttarbil – en við reynum að gefa fólki tækifæri til að fjarlægja bíla sína áður,“ segir Sverrir og bætir við að það sé stundum ótrúlegt að fylgjast með umgengni fólks um sameignina.

„Langflestir ganga mjög vel um en það kemur alltaf fyrir að fólk sóðar allt út í kringum sig. Við höfum jafnvel séð að ruslapokar og öskubakkar hafi verið tæmdir á gólfíð í bílageymslu. Ruslapokum er hent inn í ruslageymslu og síðan dreifist innihaldið um allt gólf.“

Aukinn kostnaður út af sóðaskap

Þetta hefur valdið miklum óþægindum og ítrekað hefur komið fyrir að sorphirðumenn borgarinnar neita að fjarlægja ruslagámana vegna sóðaskapar í ruslageymslunni og pappagámarnir eru oft skildir eftir af því að þar er plast og matarleifar.

„Við erum að verða fyrir miklum kostnaði vegna þessa sóðaskapar og því miður eru þetta sennilega fáir einstaklingar sem valda tjóninu og okkur öllum hinum leiðindum – en upplagið var að ekki væri sérstaklega sinnt um ruslageymsluna nema einu sinni í viku. Nú erum við aftur og aftur að lenda í að kalla út fólk og sérstaka losun á gánum. Þetta er óheyrilega dýrt.

Sama gildir um sameignina. Okkar upplag var að þrifa hana sérstaklega einu sinni í viku en svo erum við lenda í því að fólk sullar niður í stigaganginum eða lyftunni eða jafnvel kastar upp – og lætur sig svo hverfa. Ræstingafólkið okkar mætir til að þrifa íbúðir við leiguskipti en á ekki að þrifa neitt annað nema um það sé sérstaklega beðið af umsjónarmanni, þannig að oft fær ælan og bjórsullið að bíða þar til næst er farið í sameignina eða þá að ræstingarfolk er kallað út með tilheyrandi kostnaði.“

Sverrir segist vera að vinna tillögur til stjórnar og stjórnar orlofssjóðs um það hvernig brugðist verði við þessu svo og misnotkun á íbúðunum sem á sér stað – þ.e. að félagsmenn leigi íbúðir fyrir aðra og utanaðkomandi aðila. Meðal annars er verið að ræða að setja upp eftirlitsmyndavélar þannig að unnt sé að innheimta kostnað vegna aukaprifa hjá þeim sem sóða út frekar en að demba kostnaðinum á þau 99% félagsmanna sem ganga vel um.“



Um tilgreinda séreign – og misskilning

Í kjarasamningnum 2015 var samið um viðbót við framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð starfsmanna í alls 11,5% úr 8% og þannig að lífeyrir fólks sem hefur starfsferil sinn nú verði 76% af meðallaunum ævinnar við starfslok.

Í samningi sem aðildarsamtök ASÍ gerði við SA í febrúar 2016 var samið um heimild til launafólks til að ráðstafa allt að 3,5% af mótframlaginu til „tilgreindrar séreignar“ – sem væru miklu þrengri skorður settar um ráðstöfun á – heldur en almennum séreignarlífeyrissparnaði.

Ástæðan er að með þessum samningi er verið að reyna að jafna lífeyrisrétt starfsmanna á almennum markaði og rétt fólks sem vinnur hjá hinu opinbera. Með ákvæðinu er verið að tryggja að þessi tilgreinda séreign verði greidd út sem lífeyrir.

Forsenda þess að unnt sé að safna tilgreindri séreign er að lögum um lífeyrissjóði verði breytt og heimild fyrir þessari tilgreindu séreign sett inn. Ríkisstjórnir allt frá 2015 hafa lofað að gera það og frumvarpið var klárt í sumar þegar stjórnin sprakk. Þar sem lögum hefur ekki verið breytt geta lífeyrissjóðir ekki tekið við tilgreindri séreign og verður því allt mótframlagið sett í tryggingadeild.

Vonandi mun ný ríkisstjórn svo klára málið.

Annað sem valdið hefur misskilningi er að hvers kyns fjármálafrirtæki hafa séð sér hagnaðarvon í þessari tilgreindu séreign en í kjarasamningnum kemur skýrt fram að aukningin á að fara til lífeyrissjóðs viðkomandi launamanns enda er það lögbundin skylda þess sjóðs að halda utan um iðgjöld viðkomandi og innheimta þau hjá launagreiðanda ef kemur til vanskila.

Trúnaðarmannanámsskeið í Staðarborg

Nýlokið er trúnaðarmannanámsskeiði AFLs í Staðarborg í Breiðdal. Alls sóttu námskeiðið 18 trúnaðarmenn frá jafnmörgum vinnustöðum víðs vegar um félagssvæðið. Námskeiðið var að þessu sinni upprifjunarnámsskeið á mörgum af grunnþáttum í starfi trúnaðarmanna og var leiðbeinandi Sigurlaug Gröndal.

Starf trúnaðarmanna er ein af grunnstöðum í starfi verkalýðs-hreyfingarinnar og er mikilvægt að félagsmenn standi vörð um þann rétt sinn að hafa trúnaðarmann á hverjum vinnustað með fimm starfsmenn eða fleiri.

Í kjarasamningum eru ákvæði um rétt trúnaðarmanna til að vinna trúnaðarstörf sín og ennfremur rétt þeirra til að sækja námskeið og fundi sem nauðsynlegir eru vegna trúnaðarmannastarfsins og á fólk ekki að gjalda fyrir þessi störf sín og halda óskertum launum.

Við verðum vör við að félagsmenn eru oft tregir til að taka starfið af sér og bera því við að þá skorti kunnáttu og færni. Í því sambandi bendum við á að námskeiðin eru mjög góð til að efla félagsmenn til þessa starfa og ennfremur myndast þar gott tengslanet trúnaðarmanna á félagssvæðinu.

Einn starfsmanna AFLs, Gunnar Smári, er sérstakur tengiliður trúnaðarmanna félagsins, og sér þeim fyrir nauðsynlegum upplýsingum og fróðleik eftir því sem þurfa þykir.

Áhugasömum má benda á að mismunandi er hvernig trúnaðarmenn vinna störf sín. Sumir trúnaðarmanna okkar eru hoknir af reynslu og sinna erfiðum hlutum starfsins og eru í forystu við gerð vinnustaðasamninga. Aðrir trúnaðarmenn eru jafnvel nýir í þessu hlutverki og eru fyrstu mánuði í starfi mest í því að vera tengiliðir við félagið og fá aðstoð frá félaginu við úrlausn verkefna.


Það er því full ástæða fyrir félagsmenn á vinnustöðum þar sem vantar trúnaðarmann að vera í sambandi við Gunnar og við munum í kjölfarið gangast fyrir kjöri trúnaðarmanns og aðstoða viðkomandi eftir þörfum í framhaldinu.



Sigurður Einar Sigurðsson HSSA Höfn, Birkir Snær Guðjónsson Eimskipi Mjóeyrarhöfn, Karen Sif Randversdóttir Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar, Hildur Ósk Pétursdóttir leikskólanum Kerabe Fáskrúðsfirði.



Margrét Arndís Kjartansdóttir Lostæti Austurlyst, Krístrún Björg Gunnarsdóttir Grunnskólanum Djúpanvogi, Karen Sif Randversdóttir Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar, Berglín Gígja Sigurðardóttir Alcoa Fjarðaáli.




Verkefnavinna, Birkir Snær Guðjónsson Eimskipi Mjóeyrarhöfn, Gunnlaug Fía Aradóttir leikskólanum Bjarkatúni Djúpanvogi, Olga S. Sigurbjörnsdóttir Skinney Þinganesi Höfn, Sigríður Andrésdóttir leikskólanum Lyngholti Reyðarfirði.



Heiður Kr. Sigurgeirsdóttir Leikskólanum Sjónarhóli Höfn.



Vita Mogylyaitte Skinney Þinganesi Höfn, Sigurður Einar Sigurðsson HSSA Höfn, Þórhallur Þorvaldsson Egersund Island Eskifirði, Jóna Benedikta Júlíusdóttir íþróttahús Vopnafjarðarhrepps.



Sýndarveruleikastjórn málamaðurinn mættur

Á Nýja-Sjálandi hefur verið kynntur til sögunnar fyrsti sýndarveruleikastjórnarmálamaðurinn. SAM getur svarað staðbundnum spurningum kjósenda um ýmis málefni. Stefnt er að því að SAM blandi sér í kosningar þar árið 2020 þótt betur þurfi að kanna hvernig hann rúmist innan kosningalaganna.


„Minni mitt er óendanlegt svo ég gleymi aldrei eða hundsá það sem þú segir mér. Ólíkt mennskum stjórnarmálamaðni hef ég stöðu allra fullkomlega hlutlaust í huga þegar ég tek ákvörðun. Ég mun kynnst því betur á næstunni hvaða málefni brenna helst á Ný-Sjálandi. Við verðum kannski ekki alltaf sammála en þegar okkur greinir á mun ég reyna að kynnst þinni stöðu betur svo ég geti orðið betri fulltrúi þinn,“ er haft eftir SAM í frétt CNN. Kynnst má SAM nánar á politiciansam.nz.

Betri en lækarnir

Vísindamenn við Stanford háskóla í Bandaríkjunum hafa þróað gervigreindarkerfi sem greinir lungnabólgu nákvæmar heldur en mennskir læknar. Kerfið hefur þegar sannað yfirburði sína við að greina 13 aðra sjúkleika, þar á meðal hættuna á húðkrabbameini og hjartsláttartruflanir. Lungnabólga er sú sýking sem veldur mestum barnadauða í heiminum. Milljónum mannlífa má því bjarga með að greina hana fyrir.

Smávélmanni í stað dráttarvélna?

Breska fyrirtækið Small Robot Company hefur þróað frumgerð að litlu vélmanni sem það telur geta breytt landbúnaði til framtíðar. Breskir bændur eru taldir geta aukið tekjur sínar um 40%, minnkað orkunotkun um 90% og notað 95% minni efni með að nota vélmannið frekar en dráttarvélar. Þar með minnkar framleiðslukostnaður um 60%. Vélmannið er hagkvæmara í notkun en fer mun betur með umhverfið. Það verður afhent fyrstu notendunum á næsta ári.



Nú er kominn tími á desemberuppbótina!

Greiða á desemberuppbót ýmist með nóvemberlaunum eða í síðasta lagi fyrir 15. desember. Upphæðir desemberuppbótar miðast við að starfsmenn hafi unnið 45 vikur í fullu starfi eða séu í starfi fyrstu viku í desember. Yfirlétt þarf starfstími hjá sama launagreiðanda að vera 12 vikur eða meira til að réttur til desemberuppbótar myndist.

Starfsmenn í hlutastörfum fá greidda hlutfallslega uppbót og eins þeir sem unnið hafa hluta úr ári. Það geta verið aðeins mismunandi ákvæði í kjarasamningum og er fólki bent á að kynna sér sinn samning.

Sem dæmi má þó nefna að ef almennur verkamaður í 70% starfshlutfalli hefur unnið frá 1. júní hjá launagreiðanda vinnur þannig 27 vikur á almanaksárinu eða 60% ársins. Þá á viðkomandi rétt á 60% af 70%

eða alls 42% desemberuppbót eða 36.120 krónum. Hafi viðkomandi verið í 70% starfi áður - þ.e. skipt um vinnustað 1. júní á viðkomandi rétt á desemberuppbót frá fyrri launagreiðanda einnig. Rétt er að hafa í huga að skv. kjarasamningum ber að gera áunna desemberupphæð upp við starfslok þannig að fólki er bent á að skoða síðasta launaseðil fyrri launagreiðanda og athuga hvort svo er ekki.

Vert er að vekja athygli námsmanna og annarra er störfuðu yfir sumarmánuðina á því að hafi starfstíminn verið 12 vikur eða meira á viðkomandi rétt á hlutfallslegri desemberuppbót.

Réttur til desemberuppbótar:

Almenni markaðurinn (verkaþólk, iðnaðarmenn og verslunarmenn)

45 vikur í fullu starfi (á almanaksárinu) gefa rétt til 100% desemberuppbótar, en greitt er hlutfallslega ef unnið er hluta úr ári eða hafi starfsmaður verið í hlutastarfi. Starfsmenn sem eru í starfi fyrstu vikuna í desember eiga rétt á hlutfallslegri uppbót svo og þeir sem starfað hafa samfellt í 12 vikur eða lengur á árinu.

Greiða skal desemberuppbót eigi síðar en 15. desember.

Þetta ákvæði gildir einnig fyrir starfsmenn sem starfa við beitingu og uppstokkun.

Starfsmenn hjá sveitarfélögum

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda fulla desemberuppbót þann 1. desember. Fullt starf í þessu tilfalli er 100% starf 1. janúar – 30 nóvember. Þeir starfsmenn sem verið hafa í hlutastarfi eða starfað hluta úr ári fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma þó þannig að þeir hafi starfað samfellt a.m.k. frá 1. september það ár. Jafnframt fá þeir greitt hlutfallslega sem hætt hafa stöfum á árinu eftir a.m.k. 6 mánaða samfellt starf.

Starfsmenn hjá Ríkinu

Starfsmaður sem er við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda desemberuppbót þann 1. desember.

Greitt er hlutfallslega til starfsmanna sem verið hafa í hlutastarfi eða starfað hafa hluta úr ári. Jafnframt fá þeir greitt hlutfallslega sem hætt hafa stöfum á árinu eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikur) samfellt starf.

Alcoa Fjarðarál


45 vikur í fullu starfi (á almanaksárinu) gefa rétt til 100% desemberuppbótar, en greitt er hlutfallslega ef unnið er hluta úr ári eða hafi starfsmaður verið í hlutastarfi. Starfsmenn sem eru í starfi síðustu viku í nóvember eða fyrstu viku í desember eiga rétt á hlutfallslegri uppbót svo og þeir sem starfað hafa samfellt í 12 vikur eða lengur á árinu. Greiða skal desemberuppbót með nóvemberlaunum.

Sjómenn

Ekki hefur verið samið um greiðslu desemberuppbótar fyrir sjómenn.

Starfsmenn á bændabýlum

Desemberuppbót er sú sama og á almenna markaðnum. Heimilt er þó að greiða desember- og orlofsuppbót jafnharðan óski starfsmaður eftir því, enda sé gengið frá því í ráðningarsamningi. Ofan á mánaðarlaun kemur þá hlutfall af desember- og orlofsuppbót miðað við fullt starf 173,33 klst. á mánuði. Á árinu 2017 kr. 73,61 á klukkustund.



Desemberuppbót 2017	
Verslunar og skrifstofufólk	86.000 kr.
Verkamenn (þ.m.t. hótél og veitingast.)	86.000 kr.
Iðnaðarmenn	86.000 kr.
Sveitarfélögin	110.750 kr.
Ríkið	86.000 kr.
Alcoa Fjarðarál	250.000 kr.
Starfsmenn á bændabýlum	86.000 kr.
Starfsmenn við línu og net	86.000 kr.

Mistök í iðgjaldagreiðslum Vopnafjarðarhrepps í 11 ár

Í kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga við SGS í maí 2005 var samið um aukid mótframlag í lífeyrirsjóð vegna starfsmanna sveitarfélaga sem eru í lífeyrissjóðum á almennum markaði – þ.m.t. starfsmanna Vopnafjarðarhrepps sem eru í AFLi Starfsgreinafélagi og greiða í Stapa Lífeyrissjóð. Alls hækkaði mótframlíð úr 8% í 11,5%.

Svo virðist sem launadeild Vopnafjarðarhrepps hafi aldrei sett inn hækkinguna og enginn starfsmanna hafi gert athugasemdir. Stapi Lífeyrissjóður framkvæmir ekki athuganir á því hvort iðgjöld passi við kjarasamninga.

Í fyrrasumar tók athugull starfsmaður hins vegar eftir þessu misræmi og gerði AFL viðvart. Félagið setti sig strax í samband við bæði Stapa og sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps og félagið hefur staðið í þeirri trú síðan að unnið væri að lagfæringu. Í haust kom síðan í ljós að iðgjaldið hafði verið hækkað við athugasemd félagsins en ekkert unnið að leiðréttingu á fyrri skilgreinum.

Eftir afskipti félagsins hefur Vopnafjarðarhreppur fengið utanaðkomandi aðila til að reikna út leiðrétt mótframlög aftur í tímann. Þeirri vinnu er ekki lokið – og þrátt fyrir ítrekaðar óskir félagsins liggur ekki fyrir yfirlýsing



Þrátt fyrir ítrekaðar óskir Stapa liggur ekki fyrir yfirlýsing Vopnafjarðarhrepps um hvernig mistökinn verða lagfærð.

Vopnafjarðarhrepps á því hvort og hvernig staðið verði að lagfæringu á þessum mistökum.

AFL mun boða til almenns fundar með félagsmönnum sem vinna hjá Vopnafjarðarhreppi um leið og frekari upplýsingar eru fyrirliggjandi og fara yfir málið.